

145 rýrni trygging sú, er sparisjóður þessi nú veitir, að ákvæðanna um reiknings-
 30. sept. skil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eptirrit af ársreikningi sjóðsins, sömdum í því formi, er landshöfðingi hefir fyrirskipað eða fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, er verða kann í lögum sjóðs.

Þetta er yður, herra amtmáður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd umgetins sjóðs.

146 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð lectors
 16. sept. Helga Hálfðánarsouar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá.

fyrir

minningarsjóð lectors Helga Hálfðánarsonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum, sem við árslokin 1896 námu 540 — fimm hundruð og fjörutíu — krónum.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, og skal árlega leggja $\frac{1}{4}$ — einn fjórða — hluta vaxtanna við höfuðstólinn.

3. gr.

Hinir föstu kennarar prestaskólans hafa á hendi stjórn sjóðsins, og skal reikningur sjóðsins árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

4. gr.

Þrem fjórðu hlutum vaxtanna má árlega verja til að kaupa guðfræðisbækur fyrir til verðlauna handa einum eða fleirum af lærisveinum prestaskólans, sem stjórn sjóðsins álitur þess maklega.

Reykjavík 17. dag febrúarmánaðar 1897.

Þórhallur Bjarnarson. Jón Helgason. Eiríkur Briem.